**136. löggjafarþing 2008–2009.**
**Þskj. 913 — 272. mál.**

# Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um stuðning ríkisins við fráveitur.

1. *Hver hefur stuðningur ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum samkvæmt lögum nr. 53/1995 verið árlega og samtals, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Stuðningur ríkisins til sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum er samkvæmt lögum veittur og greiddur út að öllu jöfnu ári eftir að framkvæmdir eiga sér stað. Á gildistíma laganna, þ.e. frá miðju ári 1995 til 2008, hefur þessi stuðningur numið um 2.263 millj. kr. Sundurliðun fráveitustyrkja til einstakra framkvæmda við fráveitur sveitarfélaga á gildistíma laganna er að finna á meðfylgjandi yfirliti.

2. *Hve miklu af stuðningi skv. 1. tölul. fyrirspurnarinnar var varið til jöfnunar á kostnaði einstakra sveitarfélaga skv. 2. mgr. 4. gr. laganna og til rannsókna skv. 3. mgr. 4. gr., sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum og samtals?*
3. *Hvert var hlutfall stuðningsins af kostnaði framkvæmdar hverju sinni, sundurliðað eftir sveitarfélögum og framkvæmdum?*

Heimilt er skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, að ráðstafa allt að fjórðungi styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað milli einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir. Fráveitunefnd, sem gerir tillögur til ráðherra um stuðning til einstakra sveitarfélaga árlega á grundvelli framkvæmda næstliðins árs, hefur með hliðsjón af kostnaði á íbúa þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga hverju sinni eftir atvikum lagt til að heimildarákvæðið yrði nýtt til jöfnunar. Fráveitunefnd lagði til á sínum tíma að heimild fyrir beitingu jöfnunarákvæðis yrði einungis notuð vegna fráveituframkvæmda í þéttbýli. Þótt hlutfallslegur kostnaður sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda í dreifbýli sé verulega lægri á íbúa en í þéttbýli, þá lagði nefndin til að framkvæmdir í dreifbýli nytu eigi síður 20% styrks enda aðstaða sveitarfélaga í dreifbýli að ýmsu leyti erfiðari, svo sem vegna áætlanagerðar. Þar sem beiting jöfnunarákvæðis verður að vera innan úthlutunar styrkja á hverju ári hefur notkun jöfnunarákvæðisins verið háð því að verulegur munur væri á kostnaði á íbúa í þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga hverju sinni. Þessi munur á kostnaði á íbúa milli sveitarfélaga, sem notið hafa stuðnings á hverju ári, hefur minnkað mjög á seinni árum þar sem stærstu sveitarfélögin hafa nú flest lokið framkvæmdum sínum. Af þeim sökum hefur fráveitunefnd ekki getað lagt til beitingu jöfnunarákvæðisins vegna framkvæmda frá og með árinu 2006, þannig að þau sveitarfélög sem hafa sótt um stuðning vegna fráveituframkvæmda frá þeim tíma hafa öll fengið sömu hlutfallslega úthlutun.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu stór hluti af styrkjum vegna fráveituframkvæmda er vegna beitingar jöfnunarákvæðis laganna en í meðfylgjandi yfirliti koma fram greiðslur til hvers sveitarfélags sundurliðað niður á hvert ár. Tímans vegna hefur því miður ekki náðst að draga fram nákvæmlega hvernig stuðningur við einstök sveitarfélög skiptist niður annars vegar í almennan stuðning úthlutunar og hins vegar vegna jöfnunar. Það mun útheimta tímafrekari vinnu að ráðast í það verkefni.

# Fráveitustyrkir á árunum 1996–2008.

**14 - 281- 65 100 - 5912**

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðaldælahreppur | 723.625 | 258.933 | 619.089 | | | | | | | | | | | 1.601.647 |
| Akraneskaupstaður | 1.162.453 | | | | | | | | | | | | | 1.162.453 |
| Akureyrarkaupstaður | 21.884.691 | | | 7.127.603 | 23.098.889 | 11.510.539 | 8.402.122 | 10.287.018 | 7.175.870 | 9.189.799 | 8.710.380 | 8.666.067 | 6.180.286 | 122.233.264 |
| Árborg | 9.186.264 | 31.851.539 | 34.952.624 | 45.730.433 | 33.005.842 | 13.597.031 | 4.932.248 | 2.984.924 | | | | | | 176.240.905 |
| Árneshreppur | | | | | | | | 570.638 | | | | | | 570.638 |
| Ásahreppur | | | 96.657 | 1.611.111 | | | | 103.868 | 86.215 | | | | | 1.897.851 |
| Bárðdælahreppur | | | | | | | | | | | | | 144.520 | 144.520 |
| Bessastaðahreppur | | | | | 4.238.620 | 3.393.966 | 2.516.366 | | | | 5.482.013 | 2.726.735 | | 18.357.700 |
| Biskupstungnahreppur | | | | | | | | | 104.055 | | | | | 104.055 |
| Bláskógabyggð | | | | | | | 180.000 | | | | | | | 180.000 |
| Blönduósbær | | | | | 505.258 | 5.582.111 | 5.076.854 | 14.527.310 | 4.765.301 | 1.655.680 | 1.375.982 | 943.322 | | 34.431.818 |
| Borgarbyggð | 1.100.164 | | | | | 139.910 | 277.033 | 1.440.036 | 4.645.843 | | | 846.000 | | 8.448.986 |
| Borgarfjarðarhreppur | 221.071 | | 338.104 | 467.031 | | | 634.059 | 477.032 | | | | | | 2.137.297 |
| Broddaneshreppur | | | | | | | | | 476.016 | | | | | 476.016 |
| Bæjarhreppur | 114.086 | 48.029 | 76.159 | 820.771 | | | | | | | | | | 1.059.045 |
| Djúpavogshreppur | 150.000 | | | | | | | | | | | | | 150.000 |
| Eskifjarðarkaupstaður | | | | | | | | | | | | | 1.545.504 | 1.545.504 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | | | | | | | | | | | | 670.442 | | 670.442 |
| Fáskrúðsfjarðarhreppur | | | | | 1.519.375 | 144.562 | | | | | | | | 1.663.937 |
| Fellahreppur | | | | | | 1.338.599 | 423.742 | 439.180 | 297.504 | | | | | 2.499.025 |
| Fljótsdalshreppur | | | 4.632.147 | 485.629 | 307.045 | | 619.489 | 161.678 | 269.893 | | | | | 6.475.881 |
| Garðabær | | | | | | | | 3.256.982 | 16.879.806 | 9.614.169 | 409.439 | | | 30.160.396 |
| Gaulverjabæjarhreppur | | | 118.850 | 194.243 | | | | | | | | | | 313.093 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 9.850.954 | | 360.498 | | 81.440 | | | | 1.301.251 | | | | | 11.594.143 |
| Grýtubakkahreppur | 34.484 | 34.484 | 84.447 | 144.092 | 86.720 | 1.190.313 | | | | | | 762.837 | | 2.337.377 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 123.215.153 | 97.374.913 | 81.477.048 | | | | | 1.256.664 | 2.013.326 | 2.377.386 | 14.747.514 | 5.060.716 | 1.812.345 | 329.335.065 |
| Helgafellssveit | | | | | | | | | | | | 335.613 | | 335.613 |
| Hofshreppur | | | | | | | | | | | | 547.381 | | 547.381 |
| Hornafjörður | 898.661 | 1.944.510 | 4.276.308 | 1.737.368 | | | | | | | | | | 8.856.847 |
| Hraungerðishreppur | | | | | | | | | | | | 358.805 | | 358.805 |
| Hríseyjarhreppur | | | | | | | 131.288 | | | | | | | 131.288 |
| Hrunamannahreppur | | | | | | | 292.087 | 3.226.147 | | | | | | 3.518.234 |
| Húnaþing vestra | | | | | | | | | | | 76.112 | | | 76.112 |
| Húsavíkurbær | | | | 3.869.744 | | | | | | | | | | 3.869.744 |
| Hvalfjarðarstrandarhreppur | | | | | 96.519 | 46.319 | | | | | | | | 142.838 |
| Hveragerðisbær | 7.141.825 | 6.185.660 | | | 17.283.577 | 29.736.973 | 12.064.214 | 7.864.730 | 2.623.234 | 8.783.998 | | | | 91.684.211 |

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaldrananeshreppur | | | | | | | | 617.019 | | | | | | 617.019 |
| Kelduneshreppur | 508.205 | | 503.727 | | | | | | | | | | | 1.011.932 |
| Kirkjubólshreppur | | | | | | | | 480.019 | 123.047 | | | | | 603.066 |
| Kjalarneshreppur | | | | | | | | | | | | | 576.418 | 576.418 |
| Kolbeinsstaða-hreppur | | | | | | | | | | | | | 702.745 | 702.745 |
| Kópavogsbær | 25.435.800 | 8.301.137 | 17.869.334 | 8.986.715 | 10.040.075 | | | | 22.129.723 | 10.522.890 | 4.357.635 | 2.186.585 | 345.000 | 110.174.894 |
| Vestur-Landeyja-hreppur | | | | | | | | | | | | 461.407 | | 461.407 |
| Norður-Hérað | | | | | | | 1.155.293 | 891.628 | 722.185 | | 99.222 | | | 2.868.328 |
| Austur- Hérað | | | | | | 532.857 | | 863.381 | | 519.319 | 817.322 | 239.570 | | 2.972.449 |
| Mjóafjarðarhreppur | | | | | 1.508.098 | | | | | | | | | 1.508.098 |
| Mosfellsbær | 11.796.556 | 6.959.277 | | 12.289.447 | 4.478.763 | 4.765.636 | 2.359.830 | | | | | | | 42.649.509 |
| Mýrdalshreppur | | | | | 714.437 | | | | | | | | | 714.437 |
| Neskaupstaður | | | | | | | | | | | | | 134.200 | 134.200 |
| Rangárvallahreppur | | | | | | | | 1.517.169 | 103.422 | 780.000 | 805.801 | 1.389.615 | | 4.596.007 |
| Rangárþing eystra | | | 2.297.950 | 5.490.370 | 3.837.501 | | | | | | | | | 11.625.821 |
| Rangárþing ytra | | 1.339.500 | 1.510.500 | 1.060.611 | 1.657.695 | 2.052.185 | | | | | | | | 7.620.491 |
| Reykhólahreppur | | | | | | | 633.666 | | | | | | | 633.666 |
| Reykjanesbær | | | | | 459.051 | 11.586.156 | 18.002.823 | 8.067.412 | 9.942.249 | | | | | 48.057.691 |
| Reykjavíkurborg | 14.418.059 | 10.418.222 | 77.078.569 | 94.942.326 | 122.678.915 | 160.197.221 | 200.123.478 | 56.846.704 | 28.386.405 | 60.442.731 | 125.102.617 | 48.720.700 | 59.178.500 | 1.058.534.447 |
| Sandgerðisbær | | | | | | | | | | 2.550.002 | | | | 2.550.002 |
| Seltjarnarnes-kaupstaður | | | | | 14.533 | 443.804 | | | | | | 789.805 | 702.071 | 1.950.213 |
| Seyðisfjarðar-kaupstaður | 2.485.248 | 4.885.673 | 3.954.029 | 6.830.790 | | | | | | | | | | 18.155.740 |
| Siglufjarðar-kaupstaður | | | | | 5.292.367 | | | | | | | | | 5.292.367 |
| Skagabyggð | 295.632 | 76.810 | 9.952 | 119.032 | 658.891 | | 16.806 | | | | | | | 1.177.123 |
| Skriðdalshreppur | | | | | | | | | | | | 674.357 | | 674.357 |
| Staðarhólshreppur | | | | | | | | | | | 208.936 | | | 208.936 |
| Sveinsstaðahreppur | | | | | | | | | | 659.241 | | | | 659.241 |
| Skeggjastaðahreppur | | | | | | | | | | | | 398.628 | | 398.628 |
| Skriðuhreppur | | | | | | | | | 33.539 | 990.160 | | | | 1.023.699 |
| Svalbarðs-strandarhreppur | | | | | | | | | 282.436 | 318.517 | 374.200 | | | 975.153 |
| Ytri-Torfustaða-hreppur | | | | | | | | | | | | 32.656 | 229.809 | 262.465 |
| Tunguhreppur | | | | | | | | | | | 297.664 | 75.799 | | 373.463 |
| Vestmannaeyjabær | 6.043.341 | 3.868.973 | 6.443.721 | 6.095.914 | 13.556.335 | 2.700.407 | | 2.191.214 | | | | | | 40.899.905 |
| Vopnafjarðarhreppur | | | | 1.088.110 | 5.196.552 | 3.833.582 | | | | | | | | 10.118.244 |
| Þingeyjarsveit | 753.800 | 449.446 | 1.104.341 | 799.008 | | 144.583 | | | | | | | | 3.251.178 |
| Þorkelshólshreppur | | | | | | | | | | | 19.399 | 27.052 | 227.381 | 273.832 |
| Þórshafnarhreppur | | | | 988.845 | | | | | | | | | | 988.845 |
| Þverárhlíðarhreppur | | | | | | | | | | | | | 130.309 | 130.309 |
| Öxnadalshreppur | | | | | | | | | 281.444 | | | | | 281.444 |
| Ölfushreppur | | | | 10.536.162 | | | | | | | | | 645.170 | 11.181.332 |
| **Samtals** | **237.420.072** | **173.997.106** | **237.804.054** | **211.415.355** | **250.316.498** | **252.936.754** | **259.203.224** | **118.070.753** | **102.642.764** | **108.403.892** | **162.884.236** | **75.914.092** | **72.554.258** | **2.263.563.058** |